

Námskrá Skólahóps



Viðfangsefni elsta árgangs Andabæjar og fyrstu kynni
af grunnskólastarfi.

Lokaár leikskólans

Með það að markmiði að gera leikskóladvölinu sem ánægjulegasta, breytast viðfangsefni barnanna lítillega á síðasta ári í leikskólanum. Á þessum aldri hafa börnin náð mikilli færni í flestum þroskaþáttum. Þau eiga orðið auðvelt með að vinna með öðrum, taka tillit til annarra og tjá skoðanir sínar og langanir. Þau eru full af orku og athafnarþrá og flest njóta þess að vinna krefjandi verkefni. Þau æfa sig í auknum mæli í stafabekkingu, læsi, rími og alls kyns æfingum sem þjálfa hrynjanda. Einnig æfa þau sig í talningu, tölustöfum, formum og fleira sem viðkemur stærðfræðihugtökum. Þetta er þó misjafnt á milli barna og er því mikilvægt að vinna með hverju barni fyrir sig, á meðan sum hafa mikinn áhuga hafa önnur það ekki.

Þá viljum við einnig að börnin kynnist starfi grunnskólans til að undirbúa þau sem best fyrir grunnskólagöngu sína. Við höfum átt mjög gott samstarfs við Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar. Það er ekki svo að öll börn hjá okkur fari í Hvanneyrardeildina en engu að síður eru heimsóknir þangað mikilvæg kynning á grunnskólastarfi almennt.

Þessi bæklingur er kynning á starfi skólahóps og þeim viðfangsefnum sem elstu börnin takast á við í leikskólanum.

Skólaverkefni

Skólahópur hittist á hverjum degi eftir hádegismatinn með kennara. Þar er unnið með fjölbreytta þætti eins og markvissa málörvun, máhljóð vikunnar, stærðfræði og allt sem henni fylgir, byrjum að æfa okkur að draga til stafs og skrifa nafnið okkar, við tökum leiðtogaverkefni á annað stig, notum Blæ til að tala um tilfinningar okkar, notum vinanudd og jóga. Einnig leggjum við áherslu á að börnin læri að slaka aðeins á, geti tekið sér nokkrar mínútur og náð að róa hugann.

Við byrjum allar stundir á lítilli hugleiðslu sögu þar sem börnin sitja eða liggja með lokuð augun. Börnin eru leidd í gegnum stutta sögu með þeim tilgangi að þau geti hreinsað hugann, kúpplað sig frá amstri dagsins og hlaðið upp á nýtt.

Aðal áhersla er þó lögð á að þetta sé skemmtilegt því við viljum að börnin læri í gegnum leik, en það eykur líkurnar á að börnin tileinki sér þá þætti sem við leggjum inn.



Umhverfisnefnd

Eitt af viðfangsefnum elsta árgangs leikskólans er að sitja í umhverfisnefnd skólans. Umhverfisnefndin er hjarta grænánastarfsins. Nefndin hittist mánaðarlega yfir veturinn. Nemendur stýra sem mest því sem fram fer, með aðstoð starfsmanns. Á nefndarfundum eru rædd mikilvæg mál sem tengjast umhverfisvernd. Um mikilvægi þess að ganga vel um jörðina okkar og hvernig við getum gert það. Hópurinn tekur ákvarðanir og sér um að kynna þær fyrir öðrum í leikskólanum.

Við erum með tvær umhverfisnefndir, nefnd nemenda annars vegar og nefnd starfsmanna hins vegar. Þessar nefndir vinna svo saman.

Á tveggja ára fresti eru gefnar út skýrslur um viðfangsefni skólans undanfarin tvö ár sem við skilum til Landverndar.

Samstarf við Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar

Skólahópur leikskólans heimsækir fyrsta bekk grunnskólans einu sinni í mánuði frá september byrjun, fram í maí og fær að taka þátt í því skólastarfi sem bekkurinn er að vinna að hverju sinni. Þannig kynnst þau fjölbreyttum kennslustundum og þegar skólaganga þeirra hefst þekkja þau umhverfið. Einnig koma nemendur grunnskólans í heimsókn til okkar reglulega yfir veturinn og þannig kynnast þau öllum nemendum skólans.



Aðstoðarfólk slökkviliðsins

Brunavarnir eru afar mikilvægar á heimilum og í leikskólanum. Skólahópur fær fræðslu um eldvarnir frá slökkviliði Borgarbyggðar í október og í kjölfar heimsóknarinnar gerast þau aðstoðarfólk slökkviliðsins. Þau klæðast merktum vestum sem á stendur „Aðstoðarmaður slökkviliðsins“. Þau taka þátt í reglulegu eftirliti með brunavörnum skólans þegar þau ganga um skólann í eftirlitsferð. Að loknum eftirlitsferðum skila þau skýrslu til skólastjóra með athugasemdum.

Umferðarskólinn

Í vettvangsferðum hjá elsta árgangi leikskólans er mikil áhersla lögð á umferðarreglurnar. Þau sjá um að leiða okkur í gegnum þorpið okkar (með aðstoð kennara auðvitað). En við viljum sjá að þeim sé treystandi til að stíga næstu skref ein í umferðinni. Að vori fáum við svo fræðslu frá Umferðarstofu. Þar sem við kynnum okkur fræðslu erindi á netinu og fáum sendar til okkar vinnubækur.

Þorpið okkar

Yfir skólaárið fer deildin okkar í mikið af vettvangsferðum til að kynnast nærumhverfi okkar. Við leggjum áherslu á að börnin kynnst þorpínu sínu. Viti hvaða það býður upp á og hvaða fyrirtæki finnast þar. Útbúið er stórt kort af þorpínu sem við höldum lifandi með því að setja myndir inn á það hvar við eigum heima og hvaða fyrirtæki/stofnanir/svæði við erum búin að heimsækja. Við heimsækjum grunnskólann, landbúnaðarháskólann, kirkjuna, Frúargarðinn, fjósið, bútækni húsið, rannsóknarstofuna og Hvannahúsið svo eitthvað sé nefnt.

Útskriftarferð

Um miðjan maí ár hvert er farið með rútu í ævintýraferð í Vatnaskóg, þar tekur starfsfólk staðarins á móti barnahópnum og fer með þau í allskonar verkefni og ævintýri. Hefð hefur skapast fyrir því að útskriftarárgangur frá Hnoðrabóli á Kleppjárnreykjum og Klettaborg í Borgarnesi sláist í för með börnunum og hefur það verið hin besta skemmtun. Leikskólinn, foreldrafélagið og foreldrar skipta með sér kostnaði ferðarinnar.

Vatnaskógur sérhæfir sig í að taka á móti útskriftarhópnum úr leikskólum landsins ár hvert og er haldið vel utan um viðburðinn hjá þeim.



Útskrift

Á síðustu dögum maí mánaðar eða í byrjun júní er hátíðleg útskriftarathöfn haldin eftir hádegi þar sem börnin fá afhenta heilsu/leiðtogamöppu sína með samantekt af leikskólagöngu þeirra frá upphafi skólagöngu í viðurvist foreldra þeirra og annarra nákominna. Börnin búa til leikskýningu sem þau sýna á útskriftinni, ýmist leikrit eða kvikmynd sem búið er að taka upp. Eftir útskriftina er öllum boðið upp á veitingar inni á deild.

